



LÍTILL SKÓLI MEÐ STÓRT HJARTA

TJARNARSKÓLI

Grunnskóli fyrir 8., 9. og 10. bekkina





Eflum sjálfstæði nemenda

SJÁLFSTÆÐ VINNUBRÖGD


- Nemendur studdir í að tileinka sér góðar námsvenjur og námstækni.
- Ýtt undir skapandi hugsun og frumlega framsetningu.


HEIMANÁM Í STUNDASKRÁ

- Nemendur eiga þess kost að ljúka heimanámi í skólanum.
- Í heimanámstímum fá nemendur m.a. þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Námsvefirnir Google Classroom og Námfús (www.namfus.is) eru nýttir til gagnkvæmra upplýsinga um námið og skólastarfið.

SKAPANDI VERKEFNI OG TÆKNIN NOTUÐ ÓSPART

- Hver nemandi hefur sína Google Chrome tölvu til að vinna skólaviðfangsefni og eiga samskipti við kennara um námið.
- Forritun, ýmis tækniþjálfun.
- Þjálfun í notkun tölvuforrita við verkefnagerð.
- Skapandi verkefni á sviði hönnunar, myndlistar og leiklistar.
- Þemadagarnir okkar takast ávallt afar vel þar sem viðfangsefni eru margbreytileg og leysa ýmsa hæfileika úr læðingi.





Einstaklingsmiðað nám

TJARNARSKÓLATAKTURINN

- Nemendur fara gjarnan á ólíkum hraða yfir námsefnið.
- Kennarar leggja sig fram um að mæta hverjum nemanda eftir getu og styrkleika.
- Nemendur sem ljúka grunnskólanámsefninu geta skráð sig í framhaldsskólaáfangi.
- Nemendur sem þurfa að styrkja undirstöðu og efla námshæfni fá aðstoð við það.

MANNRÆKTIN

- Mikil áhersla er lögð á að nemendur efla félagsfærni sína og góð samskipti.
- Velliðan, gagnkvæm virðing og kurteisi eru grunnurinn að góðum árangri.
- Einkunnarorðin okkar eru: **Allir eru einstakir.**

Ferðalög

Á hverjum vetri eru að minnsta kosti tvö ferðalög á dagskrá, haustferð í september og skíðaferð á vormisseri. Tíundu bekkingar fara auk þess í árlega útskriftarferð fyrir skólaútskrift.

Ómetanleg samvinna foreldra

Samvinna við foreldra er mikilvægur hlekkur í því sameiginlega verkefni að tryggja velferð nemenda í skólanum. Umsjónarkennarar byggja upp mikilvæg tengsl við foreldra til þess að styrkja nemandann í námi, félagslegum tengslum og vellíðan. Foreldrar hafa einnig lagt mikið af mörkum þegar við höfum tekið á móti gestum frá vinaskólanum okkar í Danmörku.

Félagslífið í Tjarnarskóla

Nemendaráð og árshátíðarnefnd starfa við skólann og leggja sig fram um að hafa fjölbreytta dagskrá á hverjum vetri: Hér má nefna LANkvöld, Halloween-ball, glæsilega árshátíð, bekkjarkvöld, kósíkvöld, spilakvöld og svo böfum við stundum vöflur og pönnukökur eða pöntum pizzur til þess að gæða okkur á eða hitum kakó, spilum og njótum samverunnar. Nemendur hafa tekið þátt í Skrekk, Stíl og Söngkeppni Samfés. Urðu í 3. sæti í Stíl vorið 2018 og nemandi komst í úrslit í söngkeppninni vorið 2018, 2019 og 2020.



Útskriftarathöfn í Dómkirkjunni

HÁTÍÐLEG STUND

Við skólasetningar og skólaslit hittast nemendur, kennarar og foreldrar í Dómkirkjunni.

Það er alltaf hátíðleg stund þegar við útskrifum 10. bekklingana okkar. Fulltrúi nemenda og foreldra eru með ávarp, nemendur flytja tónlistaratriði og við gleðjumst yfir tímamótunum, hrósum og veitum viðurkenningar.

Við kveðjum síðan útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra í skólanum eftir skólaslitin. Alltaf ljúf samvera áður en nemendur stíga inn í sumarið og framtíðina.





Kynntu þér skólavist í Tjarnarskóla

DÁSAMLEG STAÐSETNING OG NOTALEGT NÁMSUMHVERFI

- Skólinn er í hjarta borgarinnar við Reykjavíkurtjörn.
- Gamla skólahúsið er hús með sál. Það myndar fallega og hlýlega umgjörð um skólastarfið.
- Skólalæningin er lítil þar sem allir þekkja alla.
- Nemendur í Tjarnarskóla eru almennt ljúfir og góðir krakkar.
- Áhersla er lögð á að hverjum og einum líði vel og að góður vinnufriður og vinnuandi ríki í skólanum.
- Við heimsækjum ýmsa áhugaverða staði í miðborginni og nærumhverfinu.
- Við erum umkringd því menningarstarfi sem einkennir miðborgina okkar.



HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 551 68 20 / 562 40 20

EDA SENDU OKKUR TÖLVUPÓST Á tjarnarskoli@tjarnarskoli.is

EF ÞÚ VILT PANTA HEIMSÓKNARTÍMA EDA FÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR.

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

TJARNARSKÓLI • LÆKJARGÖTU 14B • 101 REYKJAVÍK

